

Verkefnahefti

Íslenska fyrir nemendur mið-og unglíngastígs
sem eru að byrja að lesa texta á íslensku



Nafn _____

Bekkur _____

Skóli _____

Haust á Akureyri

Skólinn er byrjaður. Fyrsti skóladagurinn var mánudagur. Það var 22. ágúst. Allir fóru inn í íþróttasal. Kristín skólastjóri talaði við okkur. Hún sagði að allir ættu að vera duglegir og nota tímann í skólanum vel. Svo fórum við upp í stofu með kennaranum.

Ég er að læra íslensku. Það er stundum erfitt en ég er duglegur að læra. Núna kann ég mörg orð og ég reyni að nota þau og tala íslensku en ekki ensku. Við erum líka að læra stærðfræði og tvisvar í viku förum við í íþróttir. Í september erum við úti í íþróttatímum.

8., 9. og 10. bekkur er á 3. hæð í skólanum. Það er efsta hæðin. Við löbbum upp og niður stigann. Þegar sólin skín úti er mjög heitt í stofunni okkar. Þá er gott að fara úr peysunni og vera í stuttermaból. Heimilisfræði-stofan og myndmennta-stofan eru á 1. hæð. Það er neðsta hæðin.


Við borðum í matsalnum. Við fáum góðan mat. Ég fæ mér ávexti og grænmeti. Stundum er fiskur og stundum er kjöt. Stundum er líka pasta með pepperoni. Allir drekka vatn með matnum. Vatnið á Íslandi er hreint og gott. Það er hollt að drekka vatn.

Andheiti / antonyms / antónimos / المتضادات


Gerðu strik á milli orðanna sem hafa andstæða merkingu.

Haust	langerma
Duglegur	óhollt
Upp	niður
Úti	vont
Stutterma	latur
Gott	inni
Hollt	vor


Ávextir	grænmeti




Stutterma bolur




langerma bolur



ermalaus bolur



stuttbuxur



síðbuxur



upp



niður

Íþróttir og skóli

Allir krakkar á Íslandi eru í skóla frá 6 – 16 ára. Skólinn þeirra er **grunnskóli**. Það eru margir **kennarar** í skólanum. Þeir hjálpa krökkunum að læra. Ég þarf að læra margt í skólanum. Ég þarf að lesa bækur, **skoða** netið, **glósa** og skrifa.

Í skólanum lærum við líka að vinna saman. Allir þurfa að sýna **virðingu** og vera góðir **bekkjarfélagar**. Það er mikilvægt að hjálpast að og **útskýra** hver fyrir öðrum.

Það er líka **mikilvægt** að nota tímann vel. Ekki sofa í tímum, **horfa** út um gluggann og **dreyma** dagdrauma ☺

Mér finnst gaman í íþróttum. Ég er **fljótur** að hlaupa og **sterkur**. Mér finnst körfubolti skemmtilegur. Þá er gott að vera **stór** og hoppa **hátt**. Þegar veðrið er gott erum við úti í íþróttum en þegar það er **kalt** og **blautt** erum við inni í íþróttasal.



Að þýða / translate / traducir / ترجم / przekładać:

skoða _____

glósa _____

virðing _____

útskýra _____

mikilvægt _____

dreyma _____

kalt _____

blautt _____

Að hlusta / listen / słuchać / escuchar / استمع

Lýsingarorð / adjective / adjetivo / przymiotnik / الصفة

Stór



Veldu lýsingarorð til að stígbreyta /choose another adjective



Spurningar /questions / preguntas / أسئلة

Hvernig er veðrið úti í dag?

Hvað er í matinn í skólanum í dag?

Í dag er mánudagur

Í dag er mánudagur. Ég var syfjaður þegar ég vaknaði í morgun. Mig langaði til að sofa lengur í rúminu mínu. Ég klæddi mig í buxur og bol og burstaði tennurnar. Svo fékk ég mér morgunmat. Ég fékk súrmjólk og Cheerios. Það finnst mér mjög gott.



Það var kalt þegar ég kom út. Það var skýjað og ég sá enga sól. Himinninn var grár og það var rigning. Ég labbaði í skólann. Þjallan hringdi klukkan 8:00 og kennarinn minn kom inn í stofuna.

Það var stærðfræði. Mér finnst gaman að læra stærðfræði. Tölustafirnir eru ekki eins í arabísku og íslensku en það eru eins tölustafir í spænsku og íslensku. Stundum þurfum við að nota reglustiku, gráðuboga og sirkil í stærðfræðitímum.



Í dag var heimilisfræði. Við áttum að baka köku. Þá þarf að nota hveiti, egg, sykur og súkkulaði. Við settum líka eina teskeið af lyftidufti. Svo hrærðum við deigið saman í hrærivél. Svo settum við deigið í form og inn í bakarofn. Þar átti það að vera í 20 mínútur við 180°hita.



Að hlusta: (kennari les texta)

Andheiti / antonyms / antónimos / المتضادات

Glaður

dimmt

Hrópa

hægri

Hratt

dapur

Bjart

hægt

Vinstri

hvísla

**Orð sem ég skil ekki /
words I don't understand:**



Spurning / question / pregunta / سؤال :

Hvað heitir skólastjórinn í skólanum mínum?

Ég smíða


Það er góð lykt í smíðastofunni. Það er lykt af spýtum og trjám. Þegar ég pússa spýtu með sandpappír verður hún mjúk og falleg.

Ég smíða fuglahús. Ég mála þakið rautt. Þegar ég er búinn með húsið fer ég með það út í garð. Ég set húsið upp í tré. Kannski kemur fugl og býr til hreiður í fuglahúsið mitt. Þá koma egg og ungar.

Fuglahús – hreiður – spýtur – sandpappír - ungar



Það er gaman að smíða. Einu sinni smíðaði ég flugdreka. Flugdrekinn var í löngum spotta og flaug hátt upp í loftið.



Sjósund og siglingar

Mér finnst oft vera kalt á Íslandi. Það er miklu hlýrra í gamla landinu mínu. Þar var gaman að fara í sjóinn og synda. Hér er sjórinn ís-kaldur á veturna, oft bara svona 3 – 5 gráður (°).

Sumir segja að það sé hollt að synda í köldum sjó en það þarf að fara mjög varlega. Margir synda í Nauthólsvík í Reykjavík og fara svo í heitan pott á eftir til þess að hlýja sér eftir kalt sundið.



Kaldur sjór



Heitur pottur

Á sumrin er sjórinn aðeins hlýrra, kannski svona 8 – 10° og þá hægt að læra að sigla. Það er hægt að fara út á seglskútu þegar vindurinn er góður og blæs í seglin en þegar það er lítil vindur eða logn er gott að hafa vél í bátunum.

Það er líka hægt að fara á kajak og læra að nota ár til að róa með og mörgum finnst það mjög gaman.



Þetta er _____



Þetta er _____

Á vorin fara margir krakkar í 10. bekk í skólaferðalag. Þeir fara oftast í rútu og gera margt skemmtilegt. Sumir fara t.d. í fljótasiglingu eða „river-rafting“. Mörgum finnst mjög gaman en sumir eru hræddir og eru glaðir þegar ferðinni er lokið. Allir eru í flotbúningi og fara þess vegna ekki í kaf þótt þeir lendi úti í ánni. Í bátnum eru líka leiðsögumenn sem stjórna ferðinni. Á Íslandi vinna oft leiðsögumenn frá Nepal þar sem boðið er upp á river-rafting. Allir þurfa að fara varlega í báta-ferðunum.



Orðin í þessum setningum hafa ruglast. Reyndu að raða þeim í rétta röð. Setning byrjar á stórum staf og endar á punkti.

hlakka fara til ég í skólaferðalag að

gaman í finnst Pétri sjósund og að Hildi fara

Paraðu saman:

- | | |
|------------|----------------|
| 1. Fljót | a. óttasleginn |
| 2. Gaman | b. á |
| 3. Sjór | c. starfa |
| 4. Hræddur | d. skemmtilegt |
| 5. Vinna | e. haf |

Að breyta nútíð í þátíð

Margar íslenskar sagnir (sagnorð) enda í þátíð á **aði**, **ði**, **di** eða **ti**. Þær eru kallaðar veikar sagnir.

Dæmi: að borða (núna) – ég borðaði (í gær).

Omar spilar fótbolta allan daginn þegar veðrið er gott.

Kári smíðar stóran flugdreka í smíðatíma í skólanum.

Katrín skrifar ritgerð um siglingar og sjósund við Ísland.

Þorsteinn bakar sýrlenskt brauð handa vinum sínum.

Magnús hendir boltanum óvart í Kristínu.

Ahmed veiðir oft fisk í matinn.



Skrifaðu um þessa mynd

Hugsaðu fyrst:

Hverjir eru þetta – hvað heita þeir - hvar eiga þeir heima – hvað ætla þeir að gera – hvað kemur fyrir – hvernig endar sagan?



"You're going to need a bigger net."

Olympiuleikarnir 2008

Í ágúst árið 2008 voru flestir (margir – fleiri – flestir) Íslendingar mjög ánægðir. Það var vegna þess að íslenska landsliðið í handbolta varð í 2. (öðru) sæti á Olympíuleikunum sem voru haldnir í höfuðborg Kína, Peking.

Leikmennirnir í íslenska liðinu voru oft kallað „strákarnir okkar“ vegna þess að allir voru svo stoltir af þeim og fannst að þeir ættu svolítið í þeim sem Íslendingum. Okkur fannst líka gaman að handboltalið lítillar þjóðar gæti sigrað fræg lið frá fjölmönnum þjóðum.



Hvað kölluðu Íslendingar leikmennina í liðinu?

Í hvaða landi og hvaða borg voru Olympíuleikarnir haldnir árið 2008?


Tengdu rétt saman:

- | | |
|---------|----------------|
| 1. sæti | bronsverðlaun |
| 2. sæti | silfurverðlaun |
| 3. sæti | gullverðlaun |

Olympíuleikarnir 2016

Sumarið 2016 voru Olympíuleikarnir haldnir í borginni Rio í Brasilíu. Brasilía er land í Suður-Ameríku. Það tók langan tíma að undirbúa leikana. Það þurfti að byggja mörg hús, íþróttavelli og sundlaugar.

Leikarnir byrjuðu í ágúst og þá kom íþróttafólk frá öllum heiminum til Rio. Íslenskt íþróttafólk fór líka til að keppa, t.d. í sundi, hlaupum, frjálsum íþróttum og júdó.



Frjálsar íþróttir:

hástökk, stangarstökk, langstökk, spjótkast, kúluvarp, kringlukast, hlaup

Hvaða íþróttagrein finnst þér skemmtilegust?

Hvaða íþróttamaður finnst þér bestur í dag?

Olympíufáninn og Olympíueldurinn

